

Góðir gestir!

Það er mér sönn ánægja að opna *Nýsköpunaráðstefnu Heilbrigðisvísindasviðs*.

Ég vil byrja á því að þakka Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands fyrir að standa fyrir þessari ráðstefnu, sem nú er haldin í fjórða sinn, og ekki síður öllum þeim sem hér verða með erindi og veggspjaldakynningar.

Háskóli Íslands leggur mikla áherslu á að rannsóknir starfsmanna og nemenda skili vísindalegum, samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum. Það er í samræmi við aukna áherslu stjórnvalda hér á landi og ekki síður stefnumörkun stjórnvalda í okkar helstu samstarfsríkjum, s.s. innan Evrópusambandsins. Mikil áhersla er jafnframt lögð á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem miða að því að tryggja sjálfbæra þróun og lífsgæði á jörðinni til langs tíma. Háskóli Íslands er lykilaðili í íslensku samfélagi og vill leggja enn meira af mörkum með kennslu sinni, rannsóknum og nýsköpun í þágu heimsmarkmiðanna 17. Til marks um þetta hefur Háskólinn í samvinnu við stjórnarráðið nýlega hleypt af stokkunum fyrirlestraröð um þessi brýnu úrlausnarefni mannkyns. Heilsa og vellíðan var einmitt viðfangefni fyrsta viðburðarins. Gæði rannsókna, undirbúningur stúdenta og ekki síst frumkvöðlastarf í Háskóla Íslands munu skipta sköpum um framlag og árangur okkar í þágu heimsmarkmiðanna.

Í september sl. stóð Háskóli Íslands fyrir vinnustofu um nýsköpunarumhverfi skólans í samstarfi við HEInnovate, sem er

vettvangur á vegum OECD og Framkvæmdastjórnar ESB, þar sem farið var yfir styrkleika og veikleika háskóla þegar kemur að nýsköpun og frumkvöðlastarfi. Þessari vinnu er fylgt eftir í samstarfi við sérfræðinga á vegum HEInnovate. Ég er þess fullviss að greining og ráðgjöf þessara sérfræðinga muni koma til með að efla nýsköpunarstarf Háskólans enn frekar þannig að hann geti lagt enn meira af mörkum til að mæta áskorunum samtímans.

Það er margt sem fellur undir nýsköpun og nýsköpun getur átt sér stað í öllu umhverfi okkar. Fjöldi hagnýtra rannsóknaniðurstaðna hafa komið frá Háskóla Íslands og er áhugavert að skoða framlag starfsmanna á Heilbrigðisvísindasviði í því sambandi. Háskóli Íslands á í dag hlut í 18 sprotafyrirtækjum og eru 13 þeirra tengd heilbrigðisvísindum, en þess má geta að Landspítalinn á hlut í 8 þessara fyrirtækja. Þá hefur Hugverkanefnd fyrir hönd Háskólans og Landspítalans haft aðkomu að 16 einkaleyfisumsóknum, en þar af eru 6 á Heilbrigðisvísindasviði og eru fjórar þeirra enn í einkaleyfaferli. Loks má þess geta að Háskóli Íslands fær nú þegar leyfistekjur af einu einkaleyfi sem tengist uppfinningu Sveinbjörns Gizurarsonar, prófessors í lyfjafræðideild, en hann mun fjalla um það áhugaverða verkefni hér á eftir.

Með kraftmiklu nýsköpunarstarfi stuðlum við saman að hagvexti og bættum lífsgæðum okkar allra. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka þeim starfsmönnum og nemendum Heilbrigðisvísindasviðs sem lagt hafa sitt af mörkum til að stuðla að nýsköpun og jákvæðum samfélagslegum áhrifum.

Takk fyrir og gangi ykkur vel!